

Fréttabréf Brekkuskóla

1. nóvember 2010
2. tbl. skólaárið 2010—2011
Ábyrgðamaður Stella Gústafsdóttir



Menntun - gleði - umhyggja - framfarir

Kæru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsmenn.

Þá er fyrsti snjórinn kominn og yngstu börnin mjög glöð yfir því. Starfið í skólanum hefur farið vel af stað og margt áhugavert verið gert síðustu vikunar. Hluta þeirrar vinnu er hægt að sjá hér aftar í blaðinu. Skólinn okkar er lærdómssamfélag, samfélag þar sem við tökumst á við ýmiskonar verkefni sum létt, önnur þyngri en við stefnum ávallt að því að læra meira og gera betur.

Eitt af því sem fyrir okkur liggur er að efla sýn skólans. Einkunnarorð Brekkuskóla eru: Menntun – Gleði – Umhyggja – Framfarir. Á nýafstöðnum þemadögum voru nokkrir árgangar að skoða og tengja saman einkunnarorðin og Uppbyggingarstefnuna. Hvernig sjáum við, finnum og heyrum menntun, gleði, umhyggju og framfarir? Þetta er vinna sem mun halda áfram á komandi misserum og mun vonandi verða okkur öllum sýnileg þegar fram líða stundir.

Byrjendalæsi og Orð af orði eru enn í fullum gangi og láta bæði kennarar og nemendur mjög vel af því. Kennarar eru í miklu samstarfi og hefur hugmyndaflugið sannarlega notið sín við útfærslur á þessum verkefnum. Margt gengur þó sinn vanangang en segja má starfsfólki til hróss að við höfum farið og förum býsna langt á jákvæðninni og útsjónarseminni á þessum sparnaðartímum.

Framundan hjá okkur í nóvember eru morgunmóttökur í öllum árgöngum og gefst foreldrum þá tækifæri á að kynna sér afrakstur Uppbyggingarþemadaganna. Hér til hliðar eru dagsetningarnar og er einnig hægt að nálgast þessar upplýsingar á heimasíðunni www.brekkuskoli.is.

Með kveðju,
Stella aðstoðarskólastjóri



Þessar myndir voru teknar á uppbyggingarþemadögum

Framundan...

2. nóvember
Morgunmóttaka 2. bekkur—
uppbyggingarkynning

3. nóvember
Morgunmóttaka 3. bekkur—
uppbyggingarkynning

5. nóvember
Morgunmóttaka 6. bekkur—
uppbyggingarkynning

9. nóvember
Morgunmóttaka 1. bekkur—
uppbyggingarkynning

12. nóvember
Morgunmóttaka 7. bekkur—
uppbyggingarkynning

16. nóvember
Dagur íslenskrar tungu

19. nóvember
Morgunmóttaka
8.-10. bekkur—
uppbyggingarkynning

26. nóvember
Morgunmóttaka 4. bekkur—
uppbyggingarkynning

29. nóvember
Starfsdagur—Frístund opin

Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Nemendur í 6.bekk grunnskólanna á Akureyri fóru á haustdögum í vettvangsferð á sjó á bátum Húna II. Það eru Hollvinir Húna II sem standa að ferðunum í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Skóladeild Akureyrarbæjar með stuðningi frá Saga Capital. Í ferðunum fengu nemendur að kynna sjávarútveginum og fræðast um lífríkið í sjó á metnaðarfullan hátt, ásamt sögufræðslu um bátinn og ströndina. Sjávarlíffræðingur frá Háskólanum á Akureyri/ Hafrannsóknarstofnun miðlaði til þeirra á líflegan hátt fræðslu um lífríki sjávar, sérkenni Eyjafjarðarins og sýndi þeim þurrkaðar sjávarlífverur. Rennt var fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Að lokum var aflinn grillaður og smakkaður um borð.

SG



Skólaráð Brekkuskóla

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum skal nú starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð skal þannig skipað: Tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.

Jóhanna María Agnarsdóttir johannam@akureyri.is skólastjóri
Finnur Friðriksson finnur@unak.is fulltrúi foreldra
Hermína Gunnþórsdóttir hermina@unak.is fulltrúi foreldra
Helgi Svafarsson pabbittobbi@simnet.is fulltrúi foreldra
Annette de Vink Annette@vma.is fulltrúi grenndarsamfélagsins
Hjördís Óladóttir hjordisola@akmennt.is fulltrúi kennara
Erla Rán Kjartansdóttir erlaran@akmennt.is fulltrúi kennara
Árni Jón Erlendsson arnijon@akmennt.is fulltrúi annars starfsfólks
Lára Einarisdóttir fulltrúi nemenda
Alexandra Ingólfssdóttir fulltrúi nemenda

Starfsreglur fyrir foreldrafulltrúa bekkja eru m.a:

- að **efla og styrkja samstarf** foreldra/forráðamanna og nemenda auk þess að treysta samband heimila og skóla innan hverrar bekkjardeildar.
- að **ræða við aðra foreldra í bekknum** á bekkjarfundum
- vera **tengiliðir foreldra við umsjónarkennara** og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf.
- að **fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í hverjum bekk / námshópi sé framkvæmt.**
- vera **tengiliðir bekkjarins við Skólaráð og Foreldrafélag skólans.**

Foreldrafélag Brekkuskóla

Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla eru tvímælalaust af hinu góða. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu og almenna velferð barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun.

Verum því með og notum foreldrafélagið til virkra skoðanaskipta, börnunum og skólanum til heilla.

Stjórn Foreldrafélags Brekkuskóla skólaárið 2010-2011

Magni Rúnar Magnússon -
formaður mrm@internet.is
- situr í stjórn fyrir hönd 4. bekkjar
Hafðís Bjarnadóttir -
varaformaður hafdisb@akmennt.is
- situr í stjórn fyrir hönd 2. og 5. bekkjar
Sigundur Kr. Magnússon -
gjaldkeri sigmundur@heimavist.is
- situr í stjórn fyrir hönd 2. bekkjar
Drífa Þórarinsdóttir
ritari drifath@islandia.is
- situr í stjórn fyrir hönd 6. bekkjar
Árni Jón Erlendsson -
meðstjórnandi arnij@akureyri.is
- situr í stjórn fyrir hönd skólans
Valdís Jónsdóttir -
meðstjórnandi valdisjons@akureyri.is
- situr í stjórn fyrir hönd 4. bekkjar
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir
meðstjórnandi fridbjorgj@simnet.is
- situr í stjórn fyrir hönd 8. bekkjar.
Agla María Jósepsdóttir -
meðstjórnandi agla82@visir.is
- situr í stjórn fyrir hönd 2. bekkjar

Vettvangsferð hjá 8. bekk.

Í byrjun skólaárs fóru nemendur í 8. bekk í vettvangsferð til að kanna skordýralíf. Þeir tóku með sér sýni til baka í skólann og greindu dýrin, skoðuðu þau í víðsjá og skrifuðu um þau skýrslu.

Mynd 1. Nemendur leita að skordýrum í fjörunni.

Mynd 2. Nemendur metast og sýna hver öðrum skordýrin sín.

Mynd 3. Pétur horfir rannsakandi á hunangsfluguna sem hann veiddi.


Mynd 4. Maron skoðar skordýr í víðsjá.

Mynd 5. Nemendur skoða sýnin í víðsjá og finna upplýsingar á netinu til að vinna skýrslu.

Mynd 6. Krossköngulóin er algengasta köngulóin á Íslandi. Hún er merkileg að því leyti að silkiþráður hennar er sá allra flóknasti í dýraríkinu. Hún er mjög feit.

Mynd 7. Aron einbeittur við skýrslugerð.

Mynd 8. Geitungar sem veiddust þegar þeir voru að gæða sér á Brynjuís. Þeir eru nýlegir landnemar í íslenskri náttúru. Alls eru 4 tegundir geitunga á Íslandi. NEMENDUR



Brekkuskóli fær styrk úr sjóði Comeniusar

Brekkuskóli fékk styrk til samstarfs við skóla í 8 Evrópulöndum. Verkefnið er frá 2010-2012 og nefnist það „Íþróttir án landamæra“. Heitið vísar til þess að við ætlum að stunda íþróttir saman þrátt fyrir að langt sé á milli skólanna landfræðilega. Einnig vísar þemað til þess að við munum stunda íþróttir saman þrátt fyrir að við séum misjafnlega af Guði gerð, á misjöfnum aldri, búum við mismunandi menningu og trúarskoðanir og komum frá 8 mismunandi löndum. Verkefnið fer þannig fram að kennarar frá hverjum skóla hittast reglulega og skipuleggja þá vinnu sem fram fer í skólunum. Brekkuskóli lauk í vor samskonar verkefni sem fjallaði um hollustu og hreyfingu. Þess utan er Brekkuskóli í nemendaskiptaverkefni við Spán þar sem nemendur ferðast milli landanna og sækja vinaskólann sinn heim. MPE

Myndin er tekin í Eymundsson þar sem nemendur, sem hafa spænsku að valgrein, settu upp sýningu um verkefnið fyrr í mánuðinum.



Verkefnið Dagblöð í skóla.

Á unglingastiginu eru þær stöllur, Svanhildur og Þóra með þetta áhugaverða verkefni "Dagblöð í skóla". Það er haldið á vegum Morgunblaðsins þar sem saga blaðsins er kynnt. Nemendur fá að læra um tilurð dagblaðs allt frá því að greinar eru valdar, fréttir skrifaðar, blaðinu rennt gegnum prentvélarnar svo og flutningaleiðir uns það berst lesandanum í hendur. Hverju dagblaði fylgir svo verkefni um fréttir dagsins. Þar fá nemdur að greina fréttirnar og leggja jafnvel mat á innihald sem og gagnsemi fréttarinnar.


Þetta verkefni hefur fallið nemendum mjög vel í geð.



SÓ

**"Dagur með bónda" í 7. bekk**

Skóli í leik og starfi er átak sem kynnir nemendum störf bænda í sveit. Tveir bændur komu nýlega í heimsókn og kynntu nemendum starfsdag á bóndabæ. Farið var yfir umönnun dýra, gegningar, helstu þætti sem stuðla að vellíðan dýranna, meðferð matvæla og hreinlæti allra hluta er snerta búskap.



Gaman var að heyra hve börnin voru áhugasöm um tilfinningar dýranna sem og hvað væri hættulegt í umgengni við þau. Skólabændur þetta haustið voru þær Borghildur í Stóra-Dunhaga og Sigríður í Hólsgerði.

SÓ

Comenius—Spánarferðin.

Nú stendur yfir sýning í Eymundsson frá Spánarferðinni síðastliðið vor. Sú ferð tókst prýðilega og verður vonandi framhald á vegna þessarar góðu reynslu.

Við skorum á foreldra sem og aðra að drífa sig í Eymundsson að skoða og njóta myndanna.

SÓ



Ertu að taka til?

Við í Frístund verðum alltaf afskaplega glöð þegar okkur berast leikföng sem hætt er að nota á heimilum. Ef þið lúmið á einhverju hafið þá endilega samband við Frístund 462-2526 eða Bryndísi bryndisbaldurs@gmail.com



Þemadagar 21. og 22. október.

Þemadagarnir voru að þessu sinni helgaðir uppbyggingarstefnunni. Kennarar útfærðu stefnuna á marga vegu, allt eftir aldri barnanna. Markmiðið var m.a. að kynna og kenna betur þarfirnar; öryggi, áhrifavald, frelsi, gleði og tilheyra.

Margir unnu einnig T-spjöld og Y-spjöld en þannig er t.d. hægt að gera frelsi betri skil: Hvað er frelsi og hvað er ekki frelsi? Hvernig sjáum við, heyrum og finnum frelsi? Einnig fóru nokkrir bekkir í að vinna með einkunnarorðin okkar.

Skólastarfið var því ekki með hefðbundnu sniði þessa tvo daga heldur var stundaskráin brotin upp með samstarfi og hópavinnu. Gaman var að fylgjast með þessu frábæra starfi nemenda og kennara.

Hægt er að lesa meira um Uppbyggingarstefnuna á heimasíðu skólans á <http://www.brekkuskoli.is/is/page/>

SG



ERROR: ioerror
OFFENDING COMMAND: image

STACK:

[1.0 0.0 0.0 -1.0 0.0 7016.67]